Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Bréf frá Lárusi Blöndal

Bjarni Benediktsson – Einkabréf – Póstkort – Skeyti –Vasabækur – 1941-1966 – Lárus Blöndal

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Ræður og greinar
Askja 1-6, Örk 9

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

30. apríl 1952.

Kæri mágur. Bensi sonur minn skrifar mér, að hann sé niður kominn hjá þér í fjarveru okkar Stellu, og þakka ég þér og Sigríði það vináttubragð.

Bensi bað mig að senda sér bók, sem þessu bréfi fylgir; er það fermingargjöf til Bensa Sveins. Mér skilst, að Bensi eigi að fermast á næstunni, og þorði því ekki annað en senda bókina með flugvél, en af því að bögglaflugpóstur er mjög dýr, fékk ég leyfi Sigurðar Nordals til þess að senda þér bókina í stjórnarpósti.

Af mér er allt gott að frétta. Ég lifi hér í góðu yfirlæti hjá Sigurði Nordal, eins og þú getur nærri. Þau hjón vilja allt fyrir mig gera, sem í þeirra valdi stendur. Að vísu hefir mér ekki orðið eins mikið úr verki og ég hafði gert mér vonir um, að verða mundi, í barnaskap mínum, en þó svo mikið, að ég get verið vel ánægður með árangurinn. Stella talaði við mig frá Hull á mánudaginn í var í síma, en þangað kom hún á sunnudag frá London. Ætlar hún að verða hjá Nönnu fram um miðjan maí, kemur hingað 15. maí, og ég verð hér hjá Nordal til svipaðs tíma. Ég er sattt að segja farinn að þreyja komu Stellu.

Ég hitti hér nýlega Jóhannes og Guðrúnu

og borðaði með þeim hádegisverð. Þau létu vel af ferð sinni og eru nú í Svíþjóð.

Með bestu kveðjum

Þinn

Lárus Blöndal